

Neotigason

2. útgáfa öryggis- og fræðsluefnis fyrir sjúklinga



▼Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi þess komist fljótt og örugglega til skila. Tilkynna skal Lyfjastofnun um **allar** aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu.

Áminningarkort fyrir sjúkling

Nafn læknis:

Sími:

Neotigason má ekki nota á meðgöngu.

Neotigason getur valdið ófæddu barni alvarlegum skaða ef það er tekið á meðgöngu.

Ef þú verður barnshafandi eða þig grunar að þú gætir verið barnshafandi skaltu strax hætta að taka Neotigason og hafa samband við lækninn þinn.

Lestu fylgiseðilinn vandlega áður en þú hefur meðferðina.

Leitaðu ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi ef þú hefur spurningar eða áhyggjur vegna töku Neotigason.

Ef þú gætir hugsanlega orðið barnshafandi þarft þú að gera eftirfarandi:

- Þú verður að nota að minnsta kosti eina mjög örugga getnaðarvörn (til dæmis lykkju eða vefjalýf) eða nota með réttum hætti tvær öruggar getnaðarvarnir sem virka á misjafnan hátt (til dæmis getnaðarvarnarpillu ásamt smokki) áður en meðferð hefst, allan tímann meðan á meðferð stendur og í 3 ár eftir að meðferð lýkur.
- Þú mátt ekki verða barnshafandi meðan þú ert að taka Neotigason, né í 3 ár eftir að meðferð lýkur.
- Þú verður að hitta lækninn þinn reglulega og taka þungunarpróf með reglulegu millibili:
 - Áður en þú hefur meðferðina þarft þú að taka þungunarpróf, sem verður að vera neikvætt.
 - Til að ganga úr skugga um að þú sért ekki barnshafandi meðan á meðferðinni stendur þarft þú að taka þungunarpróf reglulega, helst mánaðarlega. Þú átt einnig að taka þungunarpróf á 1-3 mánaða fresti í 3 ár eftir að meðferð lýkur.

Áminning fyrir karla og konur

Þessu lyfi hefur verið ávísað fyrir þig eingöngu, **þú mátt ekki deila því með neinum og þú verður að skila ónotuðum hylkjum aftur í apótekið.**

Tímatafla

Notaðu þessa töflu til að skrá niður hvenær þú átt að hitta lækinn þinn:

Nafn læknis:

Sími:

Dagsetning læknisheimsóknar	Getnaðarvörn sem notuð er	Niðurstaða úr þungunarprófi	Undirskrift læknis
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt Dagsetning:	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt Dagsetning:	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt Dagsetning:	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt Dagsetning:	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt Dagsetning:	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt Dagsetning:	
		<input type="checkbox"/> Jákvætt <input type="checkbox"/> Neikvætt Dagsetning:	